

FÓKUS

Faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2005

Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu innan Skýrslutæknifélags Íslands (Ský) var stofnaður þann 15. október 2004 í lok ráðstefnu Skýs um heilbrigðisupplýsingatækni í Salnum í Kópavogi. Stofnfélagar voru alls 97. Í stjórn hins nýja faghóps voru kosin:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Bjarni Þór Björnsson
<i>Meðstjórnendur</i>	María Heimisdóttir
	Benedikt Benediktsson
	Ásta St. Thoroddsen

<i>Varamenn</i>	Adda Birna Hjálmarsdóttir
	Baldur Johnsen

Félagsmenn

Kynjaskiptingin í stofnfélagahópnum var hnífjöfn, þar voru 49 konur og 48 karlar. Hópurinn skiptist á milli starfsgreina á eftirfarandi hátt:
Frá tölvugeiranum voru 28,
frá heilbrigðisstofnunum voru 44,
frá opinberu stjórnsýslunni voru 15
aðrir dreifast m.a. á Háskóla Íslands, fyrirtæki og rannsóknarstofnanir og annað.
Félagsmönnum hefur fjölgað í 104 á árinu.

Stjórn

Stjórn félagsins endurspeglar vel hina dreifðu þekkingu og starfssvið félaganna því í stjórninni situr einn heilbrigðisstarfsmaður frá hvorri af stærstu heilbrigðisstofnunum landsins, heilbrigðisstarfsmaður frá Háskóla Íslands og tölvumenntaðir fulltrúar frá hugbúnaðarhúsi og frá stjórnsýslunni. Varamenn eru heilbrigðisstarfsmaður sem er fulltrúi hugbúnaðarhúss, og tölvumenntaður maður frá heilbrigðisstofnun.

Stjórnarfundir

Alls hafa verið haldnir 14 stjórnarfundir á tímabilinu. Þar hafa verið rædd fjöldamörg mál sem áhugavert væri að fjalla um á fundum eða ráðstefnum. Þar má nefna sem dæmi öryggis- og aðgangsmál sem þarf að ræða út frá mörgum sjónarhornum svo sem siðfræðilegum, tæknilegum, akademískum, heilbrigðislegum o.fl. Einnig Sögukerfið,

lyfjagagnagrunnurinn og gagnagrunnar almennt, og svo vistun og umráð yfir sjúkraskrá. Enginn skortur er á spennandi viðfangsefnum til að fræðast um.

Samskipti við félagsmenn

Samskipti milli stjórnar og félagsmanna hafa fyrst og fremst verið með tölvupósti. Þar sem Fókus er faghópur innan Skýrslutæknifélagsins eru upplýsingar um faghópinn vistaðar á heimasíðu Skýs og öll umsýsla við auglýsingar og útsendingar fer í gegnum skrifstofu Skýs. Þrjú tölvubréf með almennum fréttum hafa verið sendar á félagsmenn fyrir utan auglýsingar um atburði.

Samskipti við stjórnvöld

Fulltrúar úr stjórn faghópsins gengu á fund Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1. desember 2004 og kynntu faghópinn og markmið hans fyrir ráðherra. Á fundinum lýsti stjórnin vilja sínum til samstarfs og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld um framþróun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu og benti á að innan faghópsins væri að finna flesta þá einstaklinga hérlendis sem mesta reynslu og þekkingu hafa á þeim málum. Ráðherra tók fulltrúum hópsins afar vel og var fundurinn jákvæður og ánægjulegur.

Þann 4. janúar 2005 var sent bréf til Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra þar sem stjórn Fókus lýsir stuðningi sínum við hugmyndir um að efla umfjöllum og umsýslu við flokkunar- og kóðunarkerfi fyrir heilbrigðisupplýsingar hjá Landlæknisembættinu. Í bréfinu var hvatt til þess að auknum fjármunum yrði veitt til þessa verks. Afrit var sent til Landlæknis og forstjóra Tryggingastofnunar.

Fundir og ráðstefnur

Fyrsti félagsfundur Fókus var haldinn 19. janúar í Hringsal Landsspítala. Fyrirlesari var Bert Lenderink sem stýrir stóru sjúkrahúsapóteki í Hollandi. Hann sagði frá reynslu sinni af innleiðingu rafrænna lyfjafyrimæla og áhrifum þess á vinnu á sjúkradeildum og í sjúkrahúsapóteki. Á fundinn mættu rúmlega 40 manns.

Þann 27. janúar 2005 mætti formaður Fókus á aðalfund Skýrslutæknifélagsins og gaf skýrslu um starfsemi hópsins.

Þann 10. mars 2005 var haldinn félagsfundur í Hringsal Landspítala. Efni fundarins var “Samþætting heilbrigðisupplýsinga – hvað er að gerast á Landspítala háskólasjúkrahúsi?” og fyrirlesari var Baldur Johnsen, sviðsstjóri upplýsingatækniástandis á Landspítala- háskólasjúkrahúsi. Mættir voru um 35 manns.

Þann 31. mars var haldin á Hótel Lofleiðum ráðstefna Fókus og Skýs um öryggismál heilbrigðisupplýsinga með yfirskriftinni “Er upplýsingaöryggi heilbriggt?” Þátttakendur voru um 70 og þótti ráðstefnan takast vel. Ráðstefnustjóri var Stefán Þórarinnsson, lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Þann 19. maí var seinni ráðstefna Fókus og Skýs um upplýsingaöryggismál haldin á Hótel Lofleiðum. Hún bar yfirskriftina “Heilbrigðar lausnir” Þar voru einnig mættir milli 60 – 70 manns og undirtektir góðar. Ráðstefnustjóri var Arnheiður Guðmundsdóttir, hópstjóri hugbúnaðarlausna hjá Skýrr.

Þann 29. september stóð Fókus fyrir ráðstefnu á Hótel Nordica um flokkunar- og kóðunarkerfi í rafrænni sjúkaskrá sem nefndist “Kóðar eða kaos?” Á þá ráðstefnu mættu 65 manns og ráðstefnustjóri var Margrét Björnsdóttir, deildarstjóri í Heilbrigðisráðuneytinu.

Erlend samskipti

Stjórn Fókus sótti fljótlega eftir stofnfundinn um aðild að Evrópusamtökum um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, EFMI (European Federation for Medical Informatics). Á fundi stjórnar og fulltrúaráðs EFMI í Aþenu 18. mars var Ísland formlega samþykkt sem aðildarland. Ísland er 29. landið sem fær inngöngu, sjá nánar heimasíðu EFMI www.efmi.org

Formaður Fókus sat fund fulltrúaráðs EFMI í Genf þann 27. ágúst 2005 sem fulltrúi Íslands og kynnti þar faghópinn og starf hans. Einnig sótti formaðurinn árlega ráðstefnu EFMI sem haldin var í beinu framhaldi af fundinum. Ráðstefnan nefnist Medical Informatics Europe, MIE og er haldin árlega í ágústlok í einhverju Evrópulandi. Sjá nánar um næstu ráðstefnu sem verður í Maastricht í Hollandi á slóðinni www.mie2006.org

Lokaorð

Fyrsta starfsári Fókus er lokið og óhætt er að segja að stofnun og starfsemi faghópsins hefur verið vel tekið. Aðsókn að atburðum hefur verið með ágætum þó stærri aðburðir séu betur sóttir en þeir smærri sem eðlilegt er. Stjórnin hefur reynt eftir megni að uppfylla markmið faghópsins og valið umfjöllunarefni í samræmi við það. Mikið verk er óunnið í því að auka brautargengi upplýsingatækni innan heilbrigðiskerfisins og virðist sem stjórnvöld hafi ekki nægan skilning á nauðsyn þróunar og vaxtar þessarar starfsemi. Það er eitt af hlutverkum faghópsins að reyna að auka þennan skilning og ná eyrum ráðamanna svo fjárfestingar til upplýsingatækni verði auknar.

Fyrir hönd stjórnarinnar þakka ég ánægjuleg samskipti við aðra félagsmenn, áhuga þeirra og þátttöku og einnig þakka ég stjórn og starfsfólki Skýs fyrir góða samvinnu.

Reykjavík, 19. október 2005

Valgerður Gunnarsdóttir
formaður